

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi, Fossárvirkjun ásamt umhverfisskýrslu,
Ísafirði, Ísafjarðarbæ.**

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 19. júní 2014 var samþykkt breyting á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu af svæðinu, Fossárvirkjun, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjórum lóðum, þar af eru þrjár lóðir fyrir núverandi byggingar, þ.e. stöðvarhús, bílskúr og sumarhús. Ný lóð og byggingarreitur eru skilgreind fyrir nýtt stöðvarhús u.þ.b. 280 m neðan við núverandi stöðvarhús.

Stöðvarhús á lóð C er allt að 160 m². Húsið skal vera lágreist og falla vel að náttúrulegu umhverfi og mannvirkjum í nágrenninu.

Heimilt er að endurbæta byggingar á lóðum A, B og D. Ekki er gert ráð fyrir breyttri nýtingu sumarhúss á lóð B eða bílskúrs á lóð D. Gert er ráð fyrir afar lítilli viðveru í öllum byggingum á svæðinu, líkt og verið hefur hingað til.

Gert er ráð fyrir nýrri þrýstivatnspípu frá Fossavatni að stöðvarhúsi á lóð C, heildarlengd þrýstivatnspíunnar er allt að 1.950 m en núverandi þrýstivatnspípa er um 1.800 m löng.

Engin breyting verður á miðlunarlóni eða stíflu og tengdum mannvirkjum. Heildarafl virkjunar fer úr 597 kw í 1.200 kw.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Ísafirði, 26. júní 2014.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2014